



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráðs í umboði bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

*Erindið sent með tölvupósti
á netfangið: saedis.sigurmundsdottir@akranes.is*

Akranesi, 11.07.2018
1804119 SPH/gjó

Efni: Deilisk. Grenjar hafnarsvæði - Krókatún 22-24


Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 9. júlí 2018 var fjallað um grenndarkynningu vegna deiliskipulags Grenja hafnarsvæðis v/Krókatúns 22-24.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Umsögn um athugasemdir vegna grenndarkynningar á breytingu á deiliskipulagi Grenja hafnarsvæðis, vegna byggingar efnisskýlis við Krókatún 22-24 er lögð fram á fundinum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi umsögn sviðsstjóra við þeim athugasemdum sem bárust við grenndarkynninguna. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð (sem starfar í umboði bæjarstjórnar) að grenndarkynningin verði samþykkt og umsögn sviðsstjóra send þeim aðilum er lögðu fram athugasemdir. Deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og send á Skipulagsstofnun.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri